

FYRSTI ÁFANGI, 14. - 29. JÚNÍ

Farið var með Bjarnarnesinu, báti þeirra á Borea Adventures, frá Bolungarvík í blíðskaparveðri og lygnum sjó að morgni laugardagsins 14. júní og komið í land að Horni um tveimur og hálfri klukkustund síðar. Með mér í för voru 6 sjálfboðaliðar frá Melrakkasetri Íslands, tveir tókumenn frá BBC Natural World og tveir frá Ljósopi. Kvikmyndatökumennirnir unnu að tveimur heimildarmyndum um íslenska náttúru og lífshætti refanna á Hornströndum. Dvalið var í viku í Hornvík.



Mynd 1. Farið í land í Hornvík, gott í sjóinn svo allt er í góðu lagi. Eric Maes.

Byrjað var á að setja upp búðir að Horni, með leyfi landeigenda þar (sem einnig eiga Stíghús að Horni). Eitt sameiginlegt tjald rannsóknarfólksins til eldamennsku og samverustunda, eitt birgðatjald fyrir mat og búnað og svo svefntjöld hvers og eins. Kvikmyndagerðarmennirnir voru með sínar eigin tjaldbúðir skammt frá.

Næsta dag kynnti Ester rannsóknarsvæðið og verkefnið fyrir fólkinu. Var bjargið gengið, frá Horni, upp Núpinn, eftir bjargbrúninni, yfir Miðfell, með bjargbrún í Miðdal, niður meðfram Miðdalsvatni, upp Múla (Kálfatindum sleppt), að brúnum í Innstadal, að Harðviðrisgjá, upp í Almannaskarð og niður dalinn miðjan til baka. Á leiðinni voru heimsótt níu þekkt grenstæði innan fimm óðala og valin þrjú greni í ábúð til að vakta í 12 klst. hvern dag í þá 5 daga sem sjálfboðaliðar myndu dvelja á staðnum. Þeirra verkefni var að skrá fjölda og litafar fullorðinna

dýra og yrðlinga við grenið. Einnig að skrá atferli dýranna, heimsóknir foreldra með fæðu og fleira markvert. Jafnframt skráning á fjölda og hegðun ferðamanna sem áttu leið um óðalið og grensvæðið, viðbrögð refanna við ferðum fólksins og öfugt. Tveir sjálfboðaliðar vöktuðu hvert grenjanna þriggja í sex klukkustundir hver, frá 10 að morgni til 22 að kvöldi.



Mynd 2. Læðan á einu grenjanna sem vaktað var, hvít og með hvítan maka og 6 yrðlinga. Eric Maes.

Meðan grenin voru vöktuð heimsótti Ester öll önnur þekkt greni í Hornvík, Rekavík bak Höfn og Hvannadal, alls 18 grenstæði. Athugað var hvort greni væru í ábúð, hversu mörg þör væru með yrðlinga (fjöldi óðala), hve margir yrðlingar (fjóssemi) og hversu mörg fullorðin dýr héldu sig á óðalinu (hjálpardýr). Hornbjargið hafði verið heimsótt í mars þegar þörunartími stóð yfir og var sérstaklega athugað hvort sömu dýr væru þöruð og sáust saman þá, ef hægt var að þekkja dýrin aftur af einkennum (brotnar tennur, litafar o.fl.) og hvort þau héldu sig á sama svæði.

Veturinn var snjóþungur og greinileg umskipti á fjörunni (grjótgarðar, sandur og rekaviður) bentu til þess að veður og sjógangur hafi verið tilkomumikil. Í mars höfðu fundist hræ af fjórum dýrum og nú í júní fundust fjögur í viðbót ásamt kjálkabeinum dýrs sem hafði líklega drepist fyrir meira en ári síðan. Í kjálkabeininum fundust tvö haglagöt en kjálkinn fannst á greni uppi í Miðdal. Þess ber að geta að meðferð skotvopna er bönnuð innan friðlandsins og 20 ár síðan veiðar voru stundaðar á þessu svæði. Hausar voru teknir af hræjunum til aldursgreiningar og annara mælinga.

Athygli vakti að þeir yrðlingar sem fundust voru óvenju litlir (ungir) og lítill ágangur á flestum grenjum þó langt væri liðið á júnímánuð. Þetta tafði leitina og náðist ekki að staðfesta fjölda yrðlinga á þremur grenjum sem voru áreiðanlega í ábúð (mjólkandi læður, heyrðist til yrðlinga á greni). Dvalið var 2-9 klst. á hverju greni til að staðfesta fjölda dýra á hverju þeirra. Um helmingi munaði á stærð stærstu og minnstu yrðlinga og líklegt að allt að mánaðar munur væri á aldri þeirra. Að minnsta kosti þrjár af grenlæðunum og tveir af grensteggjunum voru ný dýr (annar litur en árið áður) en þar sem engin dýr eru eyrnamerkt er ekki hægt að segja neitt um hinar. Á

tveimur grenjum voru hjálparlæður þar sem ekki voru slík aukadýr árið áður. Fjöldi yrðlinga var frá fjórum (tvö got) upp í átta (eitt got), flestar voru með sex yrðlinga).



Mynd 3. Faðir átta yrðlinga hefur í nógu að snúast en þarf jafnframt að sinna óðalsvörnum sem meðal annars felast í lyktarmerkingum og gaggi sem berst um víðan völl. Chloe Nater.

Að liðinni einni viku í Hornvík voru búðirnar fluttar yfir í Hlöðuvík og fylgdu með þeim tveir sjálfboðaliðar (Sandra og Camilla) og einn starfsmaður frá Melrakkasetri (Jónas). Sandra og Camilla eru PhD og MSc namar við Québec og stunda rannsóknir á melrökkum á Bylot eyju í Kanada. Þar eru aðstæður með allt öðrum hætti, öll dýrin hvít og helsta fæða þeirra eru læmingjar. Lífshættir melrakkanna á Bylot stjórnast algerlega af sveiflum í stofnstærð læmingja en læður þar tímgast nánast ekki nema þegar læmingjastofnar eru í hámarki og eiga þá stóra yrðlingahópa (16 er ekki óalgeng gotstærð). Hér á landi er fæðuval fjölbreyttara og því engar slíkar sveiflur, gotstærð meira en helmingi minni en læður tímgast yfirleitt árlega. Jónas var landvörður á Hornströndum um árabíl og þekkir vel aðstæður á svæðinu.

Í seinni vikunni voru öll þekkt greni í Hælavík, Hlöðuvík og Kjaransvík (alls 22 grenstæði) heimsótt og leitað að nýjum (þar sem nægur mannskapur var til verksins). Voru sex óðul í ábúð en grunur um tvö til viðbótar sem eftir er að staðfesta. Læðurnar á þessu svæði voru einnig seinna á ferðinni með got sín en í venjulegu árferði og hafði nýtt þar tekið við ábúð á a.m.k. þremur óðulum sem staðfest voru (ungar læður?). Aftur var farið í Hornvík á fimmtudegi til laugardags og þess freistað að staðfesta fjölda yrðlinga á tveimur grenjum sem ekki hafði tekist að sjá yrðlinga á, án árangurs. Niðurstöður bíða því næstu ferðar sem hefst þann 10. júlí.

Taflan hér að neðan sýnir grófan samanburð á ábúðaðþéttleika miðað við notkun á þekktum grenjum með um það bil fimm ára millibili frá 1999 til 2014.

Óformlegt grenjatal með u.þ.b. 5 ára millibili (Hornvík, Hælavík, Hlöðuvík):

Greni nr.	Staðsetn.	1999	2005	2010	2014
6	Hornvík	ábúð	**	ábúð	**
7	Hornvík			ábúð	
8	Hornvík				
9	Hornvík	ábúð	ábúð	ábúð	ábúð
10	Hornvík	ábúð	ábúð	ábúð	ábúð
11	Hornvík		ábúð		**
12	Hornvík			ábúð	
13	Hornvík		ábúð		
14	Hornvík	ábúð		ábúð	ábúð
15	Hornvík		ábúð	ábúð	ábúð
16	Hornvík				
17	Hornvík				
18	Hornvík				
4	Hornvík		ábúð		ábúð
5	Hornvík				
3	Hvannadalur	ábúð		ábúð	**
2	Hvannadalur				
1	Rekavík bak Höfn	ábúð	ábúð	ábúð	**
76	Hælavík	ábúð			ábúð
77	Hælavík				
75	Hælavík	ábúð			ábúð
72	Hælavík				
73	Hælavík				
74	Hælavík	ábúð			ábúð
71	Hælavík				
70	Hælavík				
92	Hælavík				ábúð
78	Hlöðuvík				ábúð
79	Hlöðuvík				
80	Hlöðuvík				
91	Hlöðuvík				
81	Hlöðuvík				
82	Hlöðuvík	ábúð	ábúð	ábúð	***
83	Kjaransvík	ábúð	ábúð	ábúð	***
84	Kjaransvík				
85	Kjaransvík				
86	Kjaransvík				
87	Kjaransvík				
88	Kjaransvík				
89	Kjaransvík				
90	Kjaransvík				

Nokkur grenjanna tilheyra einu og sama óðali og í sumum tilfellum hafa dýrin flutt sig milli grenja innan óðals á miðju sumri, með yrðlinga og fæðuleifar. Einnig eru mörg grenjanna stór með nokkur „útibú“ eða kerfi þannig að þrjú greni eru með sama númer, t.d. 6 a,b,c sem eru eiginlega þrjú aðskilin grenstæði. Þetta er ekki skráð í þessa töflu svo könnuð greni eru nokkuð fleiri en þarna kemur fram. Ekki voru öll grenin heimsótt árin 2005 og 2010 svo samanburður er ekki alger.

Skýringar á táknum: ** par á staðnum en got ekki staðsett/staðfest í júní. *** sama parið, óðalsmörk breytt, got ekki staðsett/staðfest í júní.

Alls voru það 41 grenstæði sem farið var á í júní (sjá athugasemd um fjölda að ofan). Þar af voru 9-11 í ábúð á hverju þeirra ára sem borin eru saman eða um fjórðungur að jafnaði. Sé þetta raunin er ábúðaþéttleiki stöðugur á svæðinu, þrátt fyrir að ekki hafi verið stundaðar veiðar á svæðinu í um 20 ár. Þekkt pör héldu óðali sínu í um 5 ár mest en síðustu 5 árin hafa orðið tíðari umskipti á grendýrum en áður. Ástæðan er óþekkt í flestum tilfellum en nokkur dýr drápu af slysförum eða misstu maka sína og þar með óðalið allt.

FUGLAR

Fuglar sem sást til á ferðum okkar voru greindir til tegundar og taldir ef hægt var, utan bjargfugla sem eingöngu voru skráðir til tegunda og reynt að sjá hvort þeir væru með egg eða unga. Var fuglalíf með hefðbundnum hætti, heldur aukning í byggðum sjófugla (sérstaklega sást mikið af lunda miðað við fyrri ár en þeir eru ekki algengir í efstu byggðum Hornbjargs) og meira varð vart við steindepil en áður.

Taflan hér fyrir neðan sýnir óformlegan samanburð á fuglatali 2012-14 við athuganir fyrri ára. Gögnin eru byggð á eigin athugunum og birtum upplýsingum sem birtust í Blika árið 2000. Athugasemd, ekki var farið í Hornvík árið 1998 en gögn frá 1999 eru sett með til að bjargfuglar séu merktir rétt.

Óformlegt fuglatal (Hornvík, Hælavík, Hlöðuvík):

Tegund	Latneskt heiti	1983*	1998-9*	2012-14
Lómur (á sjó)	<i>Gavia stellata</i>	+b	+b	bb
Himbrimi (á sjó)	<i>Gavia immer</i>	-	+	+b
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	BB	BBv	BBv
Súla	<i>Sula bassana</i>	+	-	-
Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>	-	+v	b**
Álft	<i>Cygnus Cygnus</i>	B	+B	BB
Grágæs	<i>Anser anser</i>	-	+	+
Heiðargæs	<i>Anser Brachyrhynchus</i>	+	-	-
Margæs	<i>Branta bernicla hrota</i>	-	-	+
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	+	+	+b
Hávella (á sjó)	<i>Chlangula hyemalis</i>	-	v	+
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>	++	++bv	+b
Æðarfugl (á sjó)	<i>Somateria mollissima</i>	BB	++bv	BB
Æðarkóngur (á sjó)	<i>Somateria spectabilis</i>	+	+	-
Smyrill	<i>Falco columbarius</i>	-	+	+
Fálki	<i>Falco rusticolus</i>		+	+B
Haförn	<i>Haliaeetus albicilla</i>	-	+	+
Rjúpa	<i>Lagopus mutus</i>	+	++bb	+bb
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	+	+	-
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	-	++BB	++bb
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	++bb	++bb	++bb
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	+b	+b	++BB
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	+	+B	++bb
Stelkur	<i>Tringa tetanus</i>	+	-	+
Sendlingur	<i>Calidris maritime</i>	++B	++BB	++bb
Lóuþræll	<i>Calidris alpine</i>	-	+	+b
Óðinshani (sjó & tjarnir)	<i>Phalaropus lobatus</i>	++B	++b	++bb
Kjóí	<i>Stercorarius parasiticus</i>	++	+B	++BB
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	++B	++Bv	++B
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	++b	++bbv	++bb

Hettumáfur	<i>Larus ridibundis</i>	+	-	-
Rita (bjarg & sjó & vötn)	<i>Rissa tridactyla</i>	BB	BB	BB
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	+	+B	+b
Álka (bjarg)***	<i>Alca torda</i>	+B	+B	+B
Langvía (bjarg)	<i>Uria aalge</i>	BB	BB	BB
Stuttnefja (bjarg)	<i>Uria lomvia</i>	BB	BB	BB
Lundi (bjarg)***	<i>Fratercula arctica</i>	+b	-	+b
Teista (á sjó)	<i>Cepphus grylle</i>	BB	+b	+b
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	+	+v	BBv
Músarrindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>	-	v	-
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	+	+B	+bv
Svartþröstur	<i>Turdus merula</i>	-	v	-
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	++b	++bb	++bb
Þúfuttlingur	<i>Anthus pratensis</i>	BB	++BB	++BB
Mariurerla	<i>Motacilla alba</i>	B	+b	++bb
Sólskríkja	<i>Plectrophenax nivalis</i>	BB	++BBv	++BBv

Skýringar:

+ sást á svæðinu, ++ margir sáust, **b** líklegur varpflugl, **bb** líklega algengur varpflugl, **B** varp staðfest, **BB** varp staðfest & algengur varpflugl, **v** sást um vetur.

Merkt með * útfrá dagbókum undirritaðrar og grein í Blika 2000 (ekki öll svæði heimsótt), ** sást bara í stöpum og lágum klettum, *** neðarlega í bjargi og á sjó.

Urriðaholt 2.7. 2014
Ester Rut Unnsteinsdóttir